

Reglur um brunavarnir spennistöðva

1. Spennistöð skal almennt vera í sérstæðri byggingu. Um bil milli spennistöðvar og nálægra húsa gilda ákvæði 75. gr byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Sé fjarlægð milli húsa minni skal lágmarksfjarlægð ákveðin samkvæmt leiðbeiningablaði 75.BR2

2. Spennistöð sem er hluti af annarri byggingu og inniheldur allt að 1000 lítra af olíu, skal a.m.k. vera úr EI 60, B-s1,d0 byggingarhlutum. Aðkoma að spennistöðinni skal vera utanfrá. Ef hurð inn í húsnæðið sem spennistöðin er hluti af er nauðsynleg, skal hún vera a.m.k. EI 60 S_m B-s1,d0. Undir hurð skal vera þröskuldur úr óbrennanlegu efni.

Þetta skal með viðurkenndum hætti með öllum lögnum og í loftræsistokkum sem liggja á milli spennistöðvar og annarra hluta hússins þannig að brunamótstaða sé ekki skert.

Loftræsibúnaður skal stöðvast sjálfkrafa við bruna.

Hurðir, loftræsistokkar og op, sem opnast út undir bert loft, skulu vera þannig staðsett og frá þeim gengið, að ekki sé hætt á útbreiðslu elds frá þeim.

3. Spennistöð skal staðsett þannig að flóttaleiðir skerðist ekki af reyk eða olíu.

4. Spennistöð sem geymir meiri olíu en 1000 lítra skal brunahönnuð.

5. Í hverri spennistöð skal vera handslökkvitæki sem viðurkennt er fyrir þá spennu sem er á stöðinni.

6. Í spennistöð skal vera neyðarlýsing fyrir sérstök hættusvæði.

7. Á spennistöð skal vera búnaður sem losar þrýsting af sprengingu í spennum út undir bert loft. Veggir, gólf og loft að byggingu skulu þola þá sprengingu sem getur orðið í spennunum.

Til viðbótar þessu má benda á kafla 6.5 í staðalinum ÍST 170 Háspennuvirki fyrir riðspennu yfir 1 kV þar sem fjallað er um kröfur til bygginga. Staðallinn fæst hjá Staðlaráði Íslands www.stadlar.is.